

bænda
FERÐIR

HJÓLAÐ Í SEEFELD



31. ágúst – 7. september 2024

**Fararstjórn: Anna Sigríður Vernharðsdóttir & Auðunn Páll
Sigurðsson**

Hjólaferð
Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Tíról í Austurríki er heill ævintýraheimur út af fyrir sig. Fegurð Alpafjallanna umlykur okkur og náttúran skartar sínu fegursta. Bærinn **Seefeld** hvílir í fögrum fjallasal milli **Wetterstein, Mieminger** og **Karwendelfjallanna** og er með þekktustu ferðamannabæjum Tíról. Hér lokka grænir dalir, greniskógar, fjallasel og dásamlegt útsýni af fjallstoppum. Farnar verða skipulagðar hjólaferðir í þessu fríska fjallalofti með fararstjóum sem munu velja hentugar leiðir hvern dag og fræða okkur um staðhætti á leiðinni. Hjólað verður um dali milli hrífandi fjallstinda, með fram fallegum vötnum og ám. Gist verður allar næturnar á huggulegu hóteli með **úrvals heilsulind**. Þessi ferð er fullkomin til að njóta hjóladaga og útiveru í stórfallegu umhverfi Alpanna.

8 dagar | 7 nætur í Seefeld



Undirbúningur

Dagleiðirnar í þessari hjólaferð spanna um 16 - 54 km. Ferðahraðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að upplifa umhverfið og njóta þess sem fyrir augu ber. Við ráðleggjum fólki að æfa sig vel fyrir ferðina, fara í nokkrar lengri dagsferðir og festa kaup á gelhnakk eða hjólabuxum. Því fylgir mikil ánægja að æfa fyrir hjólaferð af þessu tagi og fólk nýtur sjálfrar ferðarinnar betur ef það æfir og undirbýr sig vel fyrir ferðina. **Vinsamlegast athugið að ef þátttakendur hafa ekki þá getu sem nauðsynleg er fyrir hjóladaga ferðarinnar getur fararstjórinn farið fram á að viðkomandi sleppi einhverjum degi/dögum. Í staðinn er hægt að nýta sér aðstöðu hótelsins eða fara í hjólaferðir á eigin vegum**

Tillaga að dagleiðum

Eftirfarandi eru leiðarlýsingar til viðmiðunar fyrir fimm hjóladaga og auk þess verður einn frídagur. Anna Sigríður Vernharðsdóttir og Auðunn Páll Sigurðsson eru reyndir hjólarar og munu taka endanlegar ákvarðanir um val á dagleiðum eftir aðstæðum og hentugleika hverju sinni.

1. Vötnin þrjú

Á þessari léttu hringferð munum við sjá þrjú af fjallavötnum svæðisins, Wildmoossee, Lottensee og Möserersee. Hjólað er meðfram Möserer engjum upp aflíðandi halla í átt til bæjarins Mösern. Möserersee er mjög kyrrlátt vatn á fallegum stað og oft bregður fólk sér þar til sunds á sumrin. Á Wildmoos hásléttunni eru tvö vötn til viðbótar en Wildmoossee og Lottensee myndast í leysingum á vorin og hverfa svo skyndilega á haustin. Þetta er áhugavert náttúrufyrirbæri þar sem



ferlið er óútreiknanlegt. Meðfram þessum vötnum er fjöldi orlofshúsa, enda vinsælt svæði. Mikið af fallegum útsýnisstöðum á leiðinni.

- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 17 km*
- ✓ *Hæðarmunur: 389 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: frekar létt*

2. Hämmermoos og Gaistal selin



Þessi ferð er ekki erfið þótt vegalengdin sé með þeim lengri. Hjólað er upp í Gaistal sem er fallegur dalur með ósnerta náttúru og hrífandi landslag. Dalurinn hvílir milli fjallgarðanna Mieminger og Wetterstein, svo fjallasýnin er fögur. Moosalm selið er með huggulega sólarverönd og þar er boðið upp á girnilegar veitingar. Stundum er þar meira að segja leikið á hörpu. Aðeins hærra í dalnum er svo Gaistal selið.

- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 54 km*
- ✓ *Hæðarmunur: u.þ.b. 400 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: frekar létt*

3. Kasten sel

Fyrsti spölurinn er upp á móti og gegn um skóginn en svo er haldið inn dal. Hjólað verður inn með Isar ánni allt þar til komið er að uppsprettu hennar innst í dalnum en þar er fjallaselið Kastenalm sem býður upp á góðar veitingar. Þessi staður er vinsæll upphafspunktur af fjallgöngum. Hjólum sömu leið til baka með fjalladýrð á báða vegu.



- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 32 km*
- ✓ *Hæðarmunur: u.þ.b. 575 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: miðlungserfið*

4. Rosshütte



Rosshütte er heimafjall Seefeld. Það er nokkuð bratt að komast upp og um að gera að nota rafmagnið sér til aðstoðar. Á leið okkar verður Hohegg selið en við höldum áfram að fjallavatninu Kaltwassersee. Þetta er fallegur staður að heimsækja á sumrin og gaman að fara kringum vatnið. Þetta er vatnsforðabúr Seefeld. Við komum loks að skíðaskálanum á Rosshütte en þar má njóta veitinga sem og stórkostlegs útsýnis

yfir alla hásléttuna sem Seefeld liggur á og fjöllin í kring. Svo látum við okkur renna þægilega aftur niður til Seefeld.

- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 16 km*

- ✓ *Hækkun: u.þ.b. 690 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: miðlungserfið*

5. Mittenwald

Nú förum við í millilandaferð á hjólunum en Mittenwald er afskaplega skemmtilegur bær rétt hinum megin við þýsku landamærin. Þessi 7.000 manna bær státar af gamaldags myndskreyttum byggingum sem gleðja augað. Einnig er bærinn frægur fyrir framleiðslu á fiðlum og sellóum. Mestan hluta leiðarinnar til Mittenwald fylgjum við ánni Isar við skógarjaðarinn í gegn um hlýlega alpadali.



- ✓ *Vegalengd: u.þ.b. 32 km*
- ✓ *Hæðarmunur: u.þ.b. 287 m*
- ✓ *Erfiðleikastig: miðlungserfið*

Hótel

Gist verður allar næturnar á 4* hóteli í miðbæ Seefeld, Hótel Bergland. Innifalið er vel úti látið morgunverðarhlaðborð, síðdegissnarl og fjögurra rétta kvöldverður með salatbar. Notaleg heilsulind er á hótelinu með sundlaug, sauna, eimbaði, innrauðum hitaklefa og köldu keru. Einnig er boðið er upp á ýmsar heilsumeðferðir gegn gjaldi. Herbergin eru öll með baði/sturtu, hárpurrku, síma, sjónvarpi og öryggishólfi. Gestir fá baðslopp til afnota á meðan á dvölinni stendur. Ókeypiss þráðlaust net er á hótelinu.



Flug

Flogið verður með Icelandair til München þann 31. ágúst. Brottför frá Keflavík kl. 7:20 en mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Frá flugvöllinum í München er um 160 km til Seefeld svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 2,5 klst. Á brottfarardegi verður flogið heim frá München kl. 16:55 og landing á Íslandi kl. 18:50.



Verð

399.900 kr. á mann í tvíbýli | 13.200 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Ícelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í München og hótelsins í Seefeld.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á fjögurra stjörnu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Síðdegishressing með gómsætu sætabrauði.
- ✓ Vel útilátinn 4ra rétta kvöldverður með salathlaðborði.
- ✓ Þemakvöldverður eitt kvöldið.
- ✓ Aðgangur að heilsulindinni.
- ✓ Rafhjól í 6 daga.
- ✓ Hjólaprógramm í 5 daga.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, í hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

